

F. Annað.

5.1 Sérstillingar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundasakir að því tilskildu, að greiðsla komi fyrir, í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Hreppsnefnd ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu álitum rafveitunefndar. Einnig greiðslu fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulysingar.

ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur og verðjöfnunargjald nema af sölu raforku til húshitunar, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I. í gjaldskránni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi, sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 38 31. janúar 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 18. júní 1975.

F. h. r.

Árni P. Arnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 344.

11. júlí 1975.

AUGLÝSING

um umferð á Seyðisfirði.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, hefir eftirfarandi verið ákveðið:

I. Aðalbrautir verða:

1. Múlavegur, þannig að fyrir honum vikur umferð um Bröttuhlíð og Túngötu í báða enda.
2. Suðurgata. Fyrir umferð um hana viki umferð um Árstíg og Garðarsveg.
3. Vesturvegur. Fyrir umferð um hann viki umferð um Gilsbakka og veg að malargryfju.

II. Einstefnuakstur:

1. Einstefnuakstri um Norðurgötu verður snúið við, þannig að ekið verður frá Fjarðarárbrú að Bjólfsgötu, en innakstur frá Bjólfsgötu í Norðurgötu verður bannaður.
2. Einstefnuakstur verður um ónefnda götu milli Oddagötu og Bjólfsgötu við Bjólfsgötu 4, þannig að ekið verður frá Oddagötu að Bjólfsgötu, en innakstur frá Bjólfsgötu í ónefndu götuna verður bannaður.

Bæjarfógelinn á Seyðisfirði, 11. júlí 1975.

Erlendur Björnsson.